

From: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
To: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
Subject: Frumvarp um lagareldi – Senda aftur í ráðuneytið
Date: Wednesday, May 20, 2026 7:00:35 AM
Attachments: [Frumvarp um lagareldi - Yfirlit umsagna.pdf](#)

Ágætu félagar,

Í meðfylgjandi fylgiskjali er að finna yfirlit yfir umsagnir Sjávarútvegsþjónustunnar við frumvarp um lagareldi 2026.

Þess ber að geta að margt er vel gert í frumvarpi til laga um lagareldi. Þrátt fyrir jákvæðar breytingar frá frumvarpinu frá 2024 eru þó enn verulegir annmarkar á efni þess og útfærslu. Athygli vekur að ekki hefur verið tekið nægjanlegt tillit til fjölmargra réttmætra athugasemda og ábendinga, bæði frá aðilum sem eru jákvæðir og þeim sem eru gagnrýnir á sjókvíaeldi á laxi.

EKKI TÆKT TIL SAMÞYKKTAR

Í núverandi mynd er frumvarpið ekki tækt til samþykktar.

Því er lagt til að atvinnuveganefnd, líkt og í tilfellum sumra annarra umsagnaraðila, sendi frumvarpið aftur til atvinnuvegaráðuneytisins. Þar verði unnið markvisst úr þeim athugasemdum sem borist hafa frá fjölmörgum hagsmunaaðilum.

VINNA ÞARF AÐ ALMANNAHAGSMUNUM

Frá árinu 2017, þegar skýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi var lögð fram, hefur of mikil áhersla verið lögð á að tryggja og verja hagsmuni erlendra fjárfesta. Brynt er að í áframhaldandi vinnu verði aukin áhersla lögð á vernd almannahagsmuna og sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar.

SEX KAFLAR TEKNIR FYRIR

Í meðfylgjandi fylgiskjali er að finna samantekt umsagna um eftirfarandi kafla frumvarpsins:

- III. Kafli. Umhverfisvernd og rannsóknir
- IV. kafli. Smitvarnarsvæði og dýraheilbrigði
- V. kafli. Úthlutun smitvarnasvæða og rekstrarleyfi
- VII. kafli. Laxahlutur
- X. kafli. Lús
- XII. Kafli. Afturköllun rekstrarleyfis til sjókvíaeldis

Í hverjum kafla er fyrst yfirlit yfir stöðu og þróun viðkomandi málaflokks til að auka skilning lesanda. Að því loknu er fjallað um einstakar greinar og lagðar fram tillögur. Í lokin eru dregnar upp mögulegar sviðsmyndir um þróun mála verði frumvarpið samþykkt óbreytt.

Um

Undirritaður er sjávarútvegsfræðingur og hefur starfað við fiskeldi í rúm 30 ár. Hann hefur

komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld, meðal annars við undirbúning laga og reglugerða á sviðinu.

Spilling við undirbúning og setningu laga um fiskeldi á árunum 2017–2019 hefur verið gagnrýnd opinberlega. Í byrjun árs 2022 hóf undirritaður formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu og verður reglulega upplýst um framgang þess.

Yfirlit um málið er að finna á lagareldi.is

Best er að finna allar skýrslur og greinar er tengjast málinu á sjavarutvegur.is

Með kveðju/ Regards
Valdimar Ingi Gunnarsson
Samfélagsverkefni gegn spillingu
Sjávarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur
GSM 6952269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is
Vefsíða: www.lagareldi.is